

39

29. apríl

L Ö G

um breytingar á lögum nr. 34 2. apríl 1943, um fiskveiðasjóð Íslands,
og lögum nr. 107 30. des. 1943.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallið á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Stafl. b. í 4. gr. laga nr. 34/1943 orðist svo:

Stofnunar iðjufyrirtækja í sambandi við fiskveiðar, frystihúsa, lifrarbræðslustöðva, fiskimjölswerksmiðja og annarra iðjufyrirtækja, sem vinna eingöngu eða að langmestu leyti að hagnýtingu sjávarafurða.

2. gr.

5. gr. sömu laga orðist svo:

Fiskveiðasjóður má lána gegn fyrsta veðrétli allt að helmingi virðingarverðs, þó ekki hærra lán en fimm hundruð þúsund kr. Lengsti lánstími er 20 ár.

3. gr.

6. gr. sömu laga og 2. gr. laga nr. 107 30. des. 1943 falli burt.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 29. apríl 1946.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Áki Jakobsson.

40

29. apríl

L Ö G

um breyting á lögum nr. 11 1. febr. 1936, um eignarnámsheimild á nokkrum löndum og á afnotarétti landsvæða í Hafnarfirði, Garðahreppi og Grindavíkurhreppi og um stækkun lögsagnarumdæmis Hafnarfjarðarkaupstaðar.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallið á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Orðin „að því er snertir 1.—3. tölulið 1. gr.“ í 4. gr. laga nr. 11 1. febrúar 1936 falli niður.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 29. apríl 1946.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Finnur Jónsson.